

Orkustofnun
María Guðmundsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2022
UST202202-122/B.S.
10.05.05

Efni: Umsókn um nýtingarleyfi - jarðhiti - Kaldárholt - Rangárþing ytra. Umsögn

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 8. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Hér er um að ræða aukna vinnslu í jarðhitakerfi sem nú er nýtt til húshitunar, iðnaðar og annarrar atvinnustarfsemi í þremur sveitarfélögum á Suðurlandi. Innviðir s.s. borholur og dreifikerfi eru þegar til staðar og er talið að áhrif aukinnar vatnstöku muni einskorðast við áhrif á jarðhitakerfið sem kæmi fram í vatnsborðslækkun.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

Virðingarfyllt,


Björn Stefánsson,
sérfræðingur


Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur